

8. Gatnamót og gönguþveranir yfir akbrautir

Gatnamót eiga ætíð að vera án hindrana. Hæðarmunur skal vera að hámarki 25 mm þar sem þarf að aðgreina svæði með tilliti til sjónskertra og blindra vegfarenda.

Áherslumerkingar fyrir blint fólk á gangstétt, áður en farið er út á upphækkaða gönguþverun, niðurtekna gangstétt og/eða miðeyju í gönguþverun á að vera a.m.k. tvær helluraðir af „takkahellum“ á dýpt/hæð og ná yfir alla breidd gönguleiðarinnar. Sjá nánar um áherslusvæði í kafla 3.3 *Hæðarmunur - Að komast upp og niður af gangstétt.*

Sveitarfélög ættu að samræma lausnir því mikið öryggi liggur í því að geta gengið út frá því að aðstæður eru sem líkastar við allar gönguþveranir. Gangbrautarljós eru einn þáttur sem samræma ætti en mikilvægt er að allir komist að stjórnbúnaði þeirra ljósa sem gangandi vegfarendur geta stýrt til að komast yfir akbrautir. Staðsetning þeirra með tilliti til hvar gengið er yfir akbrautina, hvort sem um niðurtekt er að ræða eða upphækkaða gönguleið, er mikilvæg

sem og hvernig gangbrautarljósabúnaðurinn er útfærður og staðsettur.

Gangbrautarljósabúnaðurinn þarf að vera með innbyggðri hljóðstýringu sem tekur mið af

umhverfisljóðum og staðsetningarhljóði sem gerir blindu og sjónskertu fólki kleift að finna þau í götmyndinni. Staðsetningarhljóðið breytist svo þegar óhætt er að ganga yfir götuna.

8.1 Niðurtektir við göngubverun

Við niðurtektir er mikilvægast að huga að staðsetningu þeirra, halla og hvort nægt lárétt svæði sé á gangstétt til að ná stærðarkröfum um athafnasvæði hjólastóla sem og almenna umferð framhjá niðurtektinni.

Niðurtekt af gangstétt má mest vera með 10% halla samkvæmt leiðbeiningum Mannvirkjastofnunar nr. 6.2.3. *Algild hönnun aðkomu að byggingum.* Hæðarmunur, þar sem þarf að aðgreina svæði með

tilliti til sjónskertra og blindra vegfarenda, má vera allt að 25 mm.

Sjá nánar um niðurtektir í kafla 3.3 *Hæðarmunur - Að komast upp og niður af gangstétt.*

8.2 Upphækkun við gatnamót eða „á sléttu“

„Á sléttu“ er átt við að göngubverunin er alls staðar tekin niður, einnig á miðeyjum.

Upphækkuð göngubverun er þegar hún er í sömu hæð og gangstéttin. Þessi lausn er sérstaklega þægileg fyrir hjólastólanotendur þar sem hvergi þarf að fara niður eða upp fláa við gangstéttir. Hún er einnig hentug öðrum sem fara um með hjólabúnað af einhverju tagi, til dæmis göngugrindur, barnavagna, hjól, línuskauta o.p.h.

„Á sléttu“ er átt við að göngubverunin er allsstaðar tekin niður, einnig á miðeyjum, en yfirleitt er flái



Ljósmynd 8.2.1 (Harpa Cilia)

Ljósmynd 8.2.1 sýnir upphækkaða göngubverun sem er án hæðarmunar og áherslusvæðið nær yfir göngubreiddina, en athugið að einungis er einföld steinaröð sem erfitt getur verið að finna. Setja ætti tvöfalda röð af takkahellum í staðinn.

við gangstéttir sitt hvoru megin. Við báðar þessar aðstæður eru áherslusvæði mjög mikilvæg því oft getur verið erfitt að átta sig á hvar eitt svæði endar og annað byrjar. Í því sambandi má nefna mörk milli gangstétta og hjólastíga, gangstétta og akbrauta, akbrauta og miðeyja.

Sjá nánar um áherslumerkingar í kafla 3.3 *Hæðarmunur - Að komast upp og niður af gangstétt.*



Ljósmynd 8.2.2 (Harpa Cilia)

Ljósmynd 8.2.2 sýnir göngubverun „á sléttu“ þar sem gönguleiðin er án hæðarmunar. Hér er áherslusvæðið of mjótt og það nær ekki yfir göngubreiddina, blindir vegfarendur geta auðveldlega misst af því. Setja ætti tvöfalda röð af takkahellum í staðinn og láta þær ná yfir göngubreiddina. Kosturinn við „á sléttu“ er að kantarnir sitt hvoru megin við gönguleiðina mynda góðar leiðarlínur.

14. Heimildir

Lög, reglugerðir og leiðbeiningar varðandi gönguleiðir og bílastæði:

Skipulagslög 123/2010: <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2010123.html>

Lög um mannvirki 160/2010: <http://www.althingi.is/lagas/146a/2010160.html>

Byggingarreglugerð 112/2012 með áorðnum breytingum (sótt 10.02.2017): http://www.mannvirkjastofnun.is/library/Skrar/Mannvirkjastofnun/Log-og-reglugerdir/Byggingarreglugerd_iheild.pdf

Greinar byggingarreglugerðar sem varða gönguleiðir og bílastæði:

- Grein 6.2.2 Aðkomuleiðir og umferðasvæði innan lóðar.
- Grein 6.2.3 Algild hönnun aðkomu að byggingum.
- Grein 6.2.4 Bílastæði hreyfihamlaðra.
- Grein 6.4.11 Skábrautir og hæðarmunur.
- Grein 6.5.1 Handrið og handlistar.
- Grein 6.5.2 Frágangur handlista.
- Grein 6.6.1 Almennar kröfur (Skilti, leiðbeiningar, handföng o.fl. vegna algildrar hönnunar).
- Grein 6.11.7 Þjónustukjarnar (útisvæði).
- Grein 7.1.1 Markmið (útisvæði við mannvirki).
- Grein 7.1.2 Algild hönnun (útisvæði við mannvirki).
- Grein 7.1.3 Umferðarleiðir.
- Grein 7.1.6 Dvalar- og leiksvæði.

ISO 21542:2011

ISO 21542:2011, Annex A